

Borgarbyggð  
Ásgerður Hafdís Hafsteinsdóttir  
Digranesgötu 2  
310 Borgarnes

Reykjavík, 28. nóvember 2023  
UST202311-102/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Breyting - Deiliskipulag - Húsafell - Ásendi 12 - Borgarbyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 13. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir verslunar- og þjónustusvæði fyrir Húsafell - Ásendi 12 í Borgarbyggð.

Í greinargerð kemur fram Breyting á deiliskipulagi fellst í því að lóð Ásenda 12 (Hótel Húsafell) stækkar til vesturs inn á óbyggt svæði þar sem er birkiskógur en eftir breytingu liggja lóðarmörk Ásenda 12 að lóðarmörkum aðliggjandi frístundahúsa við Ásenda 1, 2 og 10 ásamt Stuttárbotnum 9 og 10.

### **Hraun, birkiskógar og náttúruminjaskrá**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands<sup>1</sup> er á svæðinu hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Því er mikilvægt að fjallað sé um hraunið í greinargerð.

Auk þess njóta sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd segir að með birkiskógum er hér átt við þá skóga sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga.<sup>2</sup> Samkvæmt kortasjá<sup>3</sup> skógræktarinnar um náttúrulega birkiskóga er hæð trjánna um 2-5 metrar og aldur skógarins er um 30-60 ár. Skógurinn er á náttúruminjaskrá Húsafellsskógur<sup>4</sup> og er hluti skógarins sem er fyrir utan skipulagssvæðið friðland<sup>5</sup>. Að því sögðu eru rök fyrir því að skógurinn njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, en Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

<sup>1</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/altext/141/s/0537.html>

<sup>3</sup> <https://iceforestservice.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=de3bbce4966b4290847ba4ae0c87d3f3>

<sup>4</sup> <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vesturland/>

<sup>5</sup> [https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/Husafell\\_kort.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/Husafell_kort.pdf)

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Ef tillagan mun raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á þeim.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra.<sup>6</sup>

### **Gróðursetningar**

Í greinargerð segir að það á að rækta birki á 600 m<sup>2</sup> og því þarf að mati stofnunarinnar að fjalla nánar um staðsetningu á þeirri ræktun og fjalla nánar um muninn á verndargildi á nýræktun skóga og birkiskógar sem er 30-60 ára gamall þar sem trén eru um 2-5 metrar að hæð.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**

---

<sup>6</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019033.html>